

8.2.2022

Salernisaðstaða skíðagönguiðkenda í Bláfjöllum.

Vísað er til bréfaskrifta okkar frá 10.11.2020 stjórnar skíðasvæðanna og fundar 7.12.2020 með fulltrúum stjórnar skíðasvæðisins.

Forsaga:

Eins og fram hefur komið í fyrri samskiptum okkar teljum við í Skíðagöngufélaginu Ulli að salernisaðstaða fyrir skíðagöngufólk sé með öllu óboðleg og með ólíkindum að ekki hafi verið gert ráð fyrir úrbótum á henni í 5.000 m.kr uppbyggingu skíðasvæðisins á næstu árum.

Uppbygging salernisaðstöðu fyrir skíðagönguiðkendur:

Á síðasta fundi okkar var rætt að Ullur og stjórnendur skíðasvæðisins myndu skoða mögulega lausnir á salernisaðstöðu og þá í grunninn þrjá möguleika:

1. Sjálfstætt salernishús milli Gosalyftu og Ullarskála
2. Salernishús sambyggt Gosalyftuhúsi
3. Salernishús sambyggt nýjum skála Ullar

Á fundinum kom fram að skíðasvæðinu hafði borist kostnaðaráætlun fyrir sjálfstætt salernishús að fjárhæð um 35 m.kr. (án VSK) og áætlaður sambærilegs húss tengt Gosalyftuhúsi væri um 30 m.kr. (án VSK). Umræddur kostnaður innifelur heildarkostnað, þ.e. að tengja frárennsli salernishúsins við frárennsliskerfi skíðasvæðisins við Ármannsskála. Áður hafði Ullur metið kostnað við ódýrt einingarhús um 18 m.kr en í þá tölu vantaði kostnað fyrir hluta frárennslislausnar (sem Ulli vantaði forsendur fyrir).

Í framhaldi af fundinum lagðist Ullur í frekari hönnun og greiningarvinnu á umræddri viðbyggingu Ullarskála og fékk send gögn frá skíðasvæðinu vegna sjálfstæðs salernishúss. Neðanmáls má sjá yfirlit yfir fyrstu niðurstöður þessarar vinnu.

1. Sjálfstætt salernishús


Um er að ræða um 30fm steipt hús úr forsteyptum einingum ásamt 20fm óeinangruðu bíslagi. Húsið inniheldur 4 klósett, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða, ásamt einni þvagskál. Gert er ráð fyrir 5.500L rotþró og tengingu við fráveitukerfi skíðasvæðisins við Ármannsskála. Heildarkostnaður samkvæmt kostnaðaráætlun Verkfræðistofunar Ferils er **34,5 m.kr + VSK**.

2. Salernishús sambyggt Gosalyftuhúsi

Líklega yrði um að ræða sambærilegt salernishús og í 1) þar sem flækjustig/kostnaður við að innifela salernishluta í lyftuhús frá lyftuframleiðendum var talinn mikill. Samkvæmt forsvarsmönnum skíðasvæðisins áætla Ferill að kostnaður við slíkt hús gæti numið um m.kr eða samtals um **29,5 m.kr + VSK**.

3. Salernishús sambyggt nýjum skála Ullar

Um er að ræða tæplega 30fm salernisálmú sambyggða nýjum Ullarskála. Aðstaðan myndi hýsa 4 klósett, þar af 1 fyrir fatlaða, ásamt ræstingaraðstöðu. Utangengt væri í 2 salerni, með sjálfstæðum inngöngum/hurðum, en tvö klósett væru aðgengileg frá inngangi í Ullarskála. Skáli Ullar er að jafnaði opinn flesta daga sem skíðasvæðið er opið.



Stefnt er að því að nýr skáli Ullar verði vandað steypu- eða timbureiningarhús á steiptum sökkli/plötu (sjá teikningu). Ullur hefur ekki fengið endanleg tilboð í nýja skálabyggingu en miðað við kostnaðaráætlun myndi kostnaður við WC álmú vera að hámarki **18,4 m.kr + VSK**. Þess til viðbótar myndi falla til kostnaður við frárennismál sem gæti numið um **3,7 m.kr + VSK** miðað við kostnaðaráætlun sem skíðasvæðið fékk. Ullur gerir ráð fyrir að skíðasvæðið annist þessa framkvæmd. Líklegt er að núverandi eða viðbótarsalernisaðstaða í Ármannsskála myndi þá nægja fyrir svigskíðaiðkendur á suðursvæði (þ.e. að ekki þyrfti að fara í WC hús við Gosalyftu).


Forsenda fyrir því að Ullur færi í þessa viðbótarbyggingu (WC) væri að skíðasvæðið eða sveitarfélögin myndu kosta byggingu hennar og að gerður væri þjónustusamningur vegna reksturs þessarar þjónustu, sbr. núverandi þjónustusamninga við önnur skíðafélög.

Tillaga:





Eftir samráð fyrir forsvarsmenn Skíðasvæðisins er lögð fram sú tillaga að leið 3 verði farin, þ.e. að Skíðagöngufélaginu Ulli verði falið að byggja umrædda salernisaðstöðu í nýjan skála sinn, sem stefnt er að rísi haustið 2021. Skíðasvæðið eða eigendur þess styrki félagið um áætlaðan byggingarkostnað að fjárhæð 18,4 m.kr og gerður verði þjónustusamningur um rekstur þess við Ull sbr. rekstrarsamninga við önnur skíðafélög.

Viðauki – teikningar og ítarefni

Staðsetning nýs Ullarskála



Útlitsteikning nýs Ullarskála (tillaga)



Kostnaðaráætlun vegna sjálfstæðs salernishúss 2)



Bláfjöll

Reykjavík

KOSTNAÐARÁÆTLUN

04.03.2020

Nýjar snyrtingar við Gosa

EB/JTE

Til stendur að koma upp snyrtingum sem tengjast á gafli nýju lyftuhúsi Gosans við suðursvæði samanber meðfylgjandi skissu. Miðað er við að hafa fjögur aðskilin rými fyrir konur, karla, hreyfihamlaða ásamt ræstikompu samanber kröfur reglugerða (*Almenningssalerni í Reykjavík, stefna og tillögur, júlí 2016*) ásamt óupphituðu bislagi að framanverðu. Einingaverð miðast við að hægt sé að vinna verkið í dagvinnu að sumarlagi og að verktakar geti nýtt kaffiaðstöðu í Bláfjallaskála. Öll verð eru með vsk.

Nr.	Verkþáttur	Ein.	Magn	Ein.verð	Upphæð kr.	Samtals kr.
1	Aðstaða og jarðvinna					3,250,000
	Aðstaða og varnir verktaka	heild	1	250,000	250,000	
	Jarðvinna, gróftur fyrir sökklum og fyllingar	heild	1	1,000,000	1,000,000	
	Jarðvinna vegna rotþró	heild	1	800,000	800,000	
	Lagnaskurðir með söndun	m	300	4,000	1,200,000	
2	Plata, veggir og þak					11,565,000
	Sökkklar undir útveggi með einangrun	m	20	43,000	860,000	
	Sökkklar undir innveggi	m	9	38,000	342,000	
	Botnplata með einangrun	m ²	29	25,000	725,000	
	Flotun með staðbundnum halla að niðurföllum	m ²	23	6,000	138,000	
	Útveggir, forsteyptir	m ²	52	55,000	2,860,000	
	Sperruþak, einangrað og klætt með bárujárn	m ²	33	60,000	1,980,000	
	Innveggir, full málaðir	m ²	25	28,000	700,000	
	Veggir utanum klósett-kassa	m ²	15	18,000	270,000	
	Málun útveggjar gosahúss	m	10	4,000	40,000	
	Útihurðir	stk	4	250,000	1,000,000	
	Bislag - óeinangrað					
	Timbur burðarvirki	heild	1	1,200,000	1,200,000	
	Klæðning þaks	m ²	22	12,000	264,000	
	Klæðning útveggja	m ²	28	12,000	336,000	
	Gluggar	stk	2	200,000	400,000	
	Útihurðir	stk	1	250,000	250,000	
	Hellulögn/Welandgrindur	m ²	20	10,000	200,000	
3	Lagnir					5,940,000
	Raflagnir og lýsing	heild	1	1,000,000	1,000,000	
	Frárennsli, skólplagnir og tengingar	heild	1	400,000	400,000	
	Niðurföll í gólfi	stk	4	120,000	480,000	
	Hita- og þrifakerfi	heild	1	600,000	600,000	
	Ofnar	stk	4	80,000	320,000	
	Loftræsing, útsogskerfi	heild	1	350,000	350,000	
	Rennur og niðurföll frá þaki	m	25	6,000	150,000	
	Salerni með innbygðum klósett-kassa	stk	4	160,000	640,000	
	Þvagskálar	stk	1	90,000	90,000	
	Handlaugar	stk	5	80,000	400,000	
	Ræstivaskur	stk	1	60,000	60,000	
	Rotþró, 5500 lítra, brunnur og lagnir að snyrtingum	stk	1	1,000,000	1,000,000	
	Lagnir frá rotþró og að tengingu við Ármannsskála	m	300	1,500	450,000	

Nr.	Verkþáttur	Ein.	Magn	Ein.verð	Upphæð kr.	Samtals kr.
4	Innanhúsfraðgangur					1,556,000
	Klæðning í lofti, full máluð	<i>m²</i>	23	<u>16,000</u>	<u>368,000</u>	
	Gólfdukur með uppabroti	<i>m²</i>	23	<u>16,000</u>	<u>368,000</u>	
	Skilrúm með léttum hurðum milli klósetta	<i>heild</i>	1	<u>400,000</u>	<u>400,000</u>	
	Skápar í ræstikompu	<i>stk</i>	1	<u>60,000</u>	<u>60,000</u>	
	Speglar, HC handföng, rúlluhandarar, ruslafötur ofl.	<i>stk</i>	3	<u>80,000</u>	<u>240,000</u>	
	Slökkvitæki	<i>stk</i>	4	<u>30,000</u>	<u>120,000</u>	
5	Annað og ófyrirséð					7,195,298
	Ófyrirséð	%	15	<u>22,311,000</u>	<u>3,346,650</u>	
	Hönnun og umsjón	%	15	<u>25,657,650</u>	<u>3,848,648</u>	
					Samtals án VSK [kr.]:	<u>29,506,298</u>